



Keflavík íþróttar- og ungmennafélag

607. stjórnarfundur þriðjudaginn 19. september 2023 kl. 17:00

Mættir: Einar Haraldsson, Birgir Már Bragason, Garðar Már Newman, Björg Hafsteinsdóttir, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Sveinbjörg S. Sigurðardóttir og Garðar Örn Arnarson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

Bréf frá kjörnefnd UMFÍ. Tilkynning um framboð til formanns, stjórnar og/eða varastjórnar UMFÍ.

Erindi frá körfuknattleiksdeild vegna klukku og áhorfendastæða uppi.

Erindi frá UMFÍ. Hvatningarverlaun UMFÍ.

Erindi frá UMFÍ. Ungmennaráðstefna UMFÍ á Reykjum Hrútafirði.

Ungt fólk og lýðræði, kynningarbréf.

Veffréttir ÍSÍ.

Könnun, Hvað veist þú um UMFÍ?

Umsóknarsvæði opið í ferðasjóð ÍSÍ.

Sigga Dögg er með tillögu að fjáröflun. Íþróttastjóri beðinn um að senda á deildir og athugar hvort einhver flokkur vilji taka þessa fjáröflun.

Opið fyrir umsóknir í íþróttasjóð Ríkisins.

Reikningur vegna tækja í lyftingasal.

Fundagerðir frá fimleikadeild og barna- og unglingaráði knattspyrnudeildar.

3. Send bréf

Erindi körfunnar vegna klukku og áhorfendastæða uppi sent á íþróttar- og tómstundaráð Reykjanesbæjar.

Ýmsir tölvupóstar framsendir á deildir og ráð.

4. Lyftingasalur

Ákveðið hefur verið að steypa upp í hurðargat ef ekki koma athugasemdir frá eldvarnareftirlitinu. Nokkur tæki eru komin. Það er verið að skoða hvort það þurfi að laga gólfið undir gervigrasinu. Ákveðið var að mála salinn. Ákveðið að loka alveg salnum á meðan það er verið að klára hann. Birgir ætlar að fylgja þessu eftir.

5. Samningur við Reykjanesbæ

Samningar við Reykjanesbæ um stöðugildi inn til félagsins og þrif á Íþróttakademiunni og umsjón með Reykjaneshöllinni eru undirritaðir. Það er búið að auglýsa starf Fjármála-/skrifstofustjóra.

6. Sambandsþing UMFÍ

53. sambandsþings UMFÍ verður haldið á hótél Geysi í Haukadal, 20. - 22. október 2023.



Keflavík íþróttar- og ungmennafélag, fyrirmyndarfélag ÍSÍ



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ

Það er búið að panta 3 tveggja manna herbergi og 2 eins manns herbergi. Formaður hefur fundað með formanni og framkvæmdastjóra UMFÍ vegna tillögu að breytingu á lottóskiptingu.

7. Önnur mál

- A. Formaður var boðaður á fund með ÍRB, ÍS, ÍSÍ, formanni og framkvæmdastjóra UMFÍ og formanni Njarðvíkur. ÍSÍ var að fara yfir skipan íþróttahéraða og þá tillögu varðandi lottóskiptingu sem samþykkt var á ÍSÍ þinginu og sú tillaga verður einnig lögð fyrir UMFÍ þingið.
- B. Umræða um leidskilti. Einar sendir á íþrótt- og tómstundaráð erindi.
- C. Sportablar rætt og hvort kerfið virki varðandi skýrslur með innkomum.
- D. Kort á leiki körfunnar fyrir stjórnarmenn. Samþykkt.
- E. Jólablaðið. Thelma Hrund Hermannsdóttir hefur tekið að sér að sjá um opnuviðtalið.
- F. Jólahaðborð rætt.

Fundi slitið kl. 18:30

Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 3. október kl. 17:00. Fundir í vetur verða skoðaðir út frá leikjum Keflavíkur í körfu.

Fundinn ritaði Eva Björk